

## Umsögn vegna þingskjal 1165 – 727. mál

Tillaga til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landssvæða.

Þingskjal 1165 – 727. mál.

(Lögð fyrir Alþingi á 140. löggjafarþingi 2011–2012.)

Sendandi umsagnar: Gunnar Njálsson, Grundarfirði

Ég undirritaður Gunnar Njálsson fagnar því að hafa fengið tækifæri til þess að veita umsögn vegna “Tillögu til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landssvæða á Íslandi. Undanfarin á hefur verið mikið fjallað um ferli Rammaáætlunar er lýtur að nýtingu vatnsafls og jarðvarma á Íslandi. Talsmenn þeirra sem telja, að eina leiðin til að efla atvinnulíf í landinu og koma á virku hagkerfi, hafa einblínt á tafarlaugar virkjanir vatnsafls og gufuafls á landinu. Að mínu áliti og fjölda fólks, hefur þessi hópur ekki og mun ekki skeyta um afleiðingar þessara gjörða sinna og lætur í léttu rúmi liggja hinar miklu óafturkræfu umhverfisáhrif fjölda virkjana. Eitt hef ég tekið eftir. Við höfum ekki spurt börnin okkar álits, börnin og unglíngana sem munu erfa landið, börnin sem munu líta á þennan óskapnað og munu líklega eyða æfinni sinni í að berjast við afleiðingarnar og minnka hin slæmu umhverfis – og félagslegu áhrif. Þau munu bera skömmina sem við færðum þeim. Á sama tíma munu þau vinna að metnaðarfullum hugmyndum um nýtingu annara orkugjafa, eins og orku sjávarfallastrauma, vindorku og ýmissa orkugjafa sem hægt er að ná út úr lífmassa gróðurs og úrgangs. Nú í dag eru þessar hugmyndir aðeins settar fram af ráðandi öflum í Þjóðfélaginu, nokkur orð á blaði og samþykktum, bara til að sýnast að vera að hugsa um framtíðina. En raunverulega eru framtíðarhugmyndir þessara nútíma virkjunarsinna, skammtíma lausnir, úreltar hugmyndir, aðeins til að berja á öðrum, sem hafa aðrar hugmyndir og til að valda sundrung og eyðileggingu.

Umsagnir

Reykjaneskagi – gufuafl.

Háhitasvæði sem fara í orkunýtingarflokk, biðflokk og verndarflokk

Samkvæmt tillögu til þingsályktunar fara 8 svæði í orkunýtingarflokk, 5 svæði í biðflokk og 3 svæði í verndarflokk. Það má búast við því í framtíðinni gætum við verið að horfa á allt að sextán virkjanir á svæðinu frá Reykjanestá og að Þingvallavatni. Staðan er þannig að Reykjaneskaginn verður nær allur gerður að samfelldu orkuvinnslusvæði. Þar með talin Reykjanesfólkvangur sem er eitt vinsælasta útivistarsvæðið í nágrenni við eitt mesta þéttbýlissvæði landsins. Fólkvangur er þarna á stóru svæði, en það er eitt stig friðunar og hugmyndir eru uppi um að stofna eldfjallagarð. Bæði fólkvangurinn og hugmyndir um eldfjallagarð er í stórhættu ef þessar hugmyndir um orkuvinnslufyrirtæki ná fram að ganga. Mikil vonbrigði er með það, að athugasemdir náttúruverndarfólks hafi verið hunsaðar þegar kom að Reykjanesinu þótt mikil vinna hafi legið að baki þeirra og skýr rökstuðningur. Þarna er m.a. Sveifluháls sem má heita hjarta fólksvangsins. Samkvæmt þessum orkunýtingarhugmyndum er verið að gera skagann að einu samfelldu orkuvinnslusvæði.

Samfara uppbyggingu orkuvinnsluvera á háhitasvæðum koma fram hin neikvæðu áhrif þeirra og eru þau mjög áberandi í umræðunni. Brennisteinsmengun er viðloðandi og nú þegar eru komin fram neikvæð áhrif þess frá Hellsheiðavirkjun, Nesjavallavirkjun og öðrum svæðum á Hellsheiðinni. Þessi mengun mun vera meira áberandi er búið er að virkja þessi 13 svæði sem nú liggja undir í þingsályktunartillögunni. Niðurdæling koltvísýrings mun fylgja þessum virkjunum með tilheyrandi neikvæðum áhrifum, eins og smásjálftum. Sérfræðingar benda á stuttan nýtingartíma jarðhitavirkjana og benda á að orkugeymarnir undir virkjunum munu ekki vera óprjótandi. Síðan má benda á hina miklu sjónmengun á þeim mannvirkjum sem fylgja virkjunum, lyktina og hin neikvæðu félagslegu áhrif á fólk sem búa í grenndinni. Ég fagna því, að Bitra og Grændalur á Hengilssvæðinu fari í verndarflokk, en hvað lengi verður það?

Er þetta sem við Íslendingar viljum sjá á Reykjanesskaga í framtíðinni? Ég við benda á, að allt rask sem verður á hraunum og jarðgufusvæðum er óafturkræft. Einnig vil ég benda á, að nú þegar er næg umframorka á landsnetinu, samkvæmt upplýsingum frá Íslandsstofu.

## Skaftárhreppur – Suðurland

### Svæði sem fara í biðflokk

Búlandsvirkjun í Skaftá nr. 40

Hólmsárvirkjun við Atley nr. 21

Ég er ekki einn um það, að fagna stækkun Vatnajökulsþjóðgarðs á afréttum Skaftárhrepps. Á umræddu svæði eru margar af helstu náttúruperlum Íslands og þar eru einnig merkar jarðfræðiminjar á lands- og heimsvísu. Um mikilvæga landslagsheild er að ræða og er það mikið fagnaðarefni og að hún sé tekin í heilu lagi inn í þjóðgarðinn. Fyrirhuguð stækkun eykur stórlega vægi Vatnajökulsþjóðgarðs á landsvísu og innan Skaftárhrepps, til hagsbóta fyrir náttúruvernd, efnahags- og byggðaðróun. Þjóðgarðurinn mun stuðla að atvinnuuppbyggingu og tryggja sjálfbæra nýtingu á náttúru svæðisins.

Í “Tillögu til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkynýtingu landssvæða á Íslandi, er fjallað um virkjanahugmyndir í Skaftárhreppi.

Sérstök ástæða er til að vara við tillögum um virkjanaframkvæmdir á vatnasviði Skaftár, Hólmsár og Hverfisfljóts. Um er að ræða framkvæmdir sem geta valdið óbætanlegum skaða á grunnvatnsstöðu byggðarinnar og á lífríkið, allt frá upptökum til ósa, og einnig á uppeldisstöðvar fiskistofna undan ströndinni. Einnig getur söfnun jökulvatns í miðlunarlón, sbr. hugmyndir um Búlandsvirkjun (áður Skaftárvirkjun), Atleyjarvirkjun í Hólmsá, valdið auknu áfoki og eyðingu gróðurlendis á svæðinu, sem nú þegar býr við næg vandamál – m.a. af völdum tíðra jökulhlaupa í Skaftá. Enn fremur eru fyrirséð áhrif þess á vatnsbúskap nærliggjandi svæða og því varhugavert er að veita vatni úr farvegum sínum.

Undirritaður bendir að lokum á að með fyrirhuguðum virkjunum sem einnig eru um í auglýstu aðalskipulagi Skaftárhrepps skaðast mjög hin jákvæða ímynd svæðisins sem enn er **mjög hreint og óraskað** af ágengum orkuöflunarframkvæmdum.

Innan svæðisins, og aðliggjandi, er Vatnajökulspjóðgarður og margar helstu náttúruperlur landsins. Stór hluti Skaftárhrepps heyrir nú þegar undir verndunarákvæði, sbr. Vatnajökulspjóðgarð, svæði á náttúruminjaskrá, verndarsvæði skv. svæðisskipulagi miðhálandis og hverfisverndarsvæði skv. aðalskipulagi Skaftárhrepps. Auk þess eru stór svæði á náttúruverndaráætlun, þar með talið Skaftáreldahraunið sem er á áhrifasvæði fyrirhugaðra virkjana.

## Þjórsá – Suðurland

### Svæði sem fara í biðflokk

Holtavirkjun nr. 30

Hvammsvirkjun nr. 29

Urriðafossvirkjun nr. 31

Skyldi íslenska þjóðin einhvern tíma hafa þakkað fyrir þá miklu orku sem Þjórsá hefur gefið okkur undanfarin ár til rafmagnsframleiðslu, orku sem hefur fært fjöldamörgum framleiðslufyrirtækjum til að geta skapað störf og gjaldeyri fyrir þjóðarbúið. Ekki skulum við gleyma þeirri orku sem þetta mikla fljót, runnin ofan úr reginöræfum jökla og eyðisanda, hefur gefið til að lýsa upp heimili landsmanna.

Er Búrfellsvirkjun sleppir, rennur Þjórsá framhjá hinum fornfræga Þjórsárdal, gegnum blómleg landbúnaðarhéruð til sjávar. Í neðri hluta Þjórsá er ætlun Landsvirkjunar að reisa þrjár virkjanir til að nýta fallið í ánni. Efst virkunin er nefnd Hvammsvirkjun, síðan kemur Holtavirkjun og neðsta virkjunin er nefnd Urriðafossvirkjun.

Nei, nú skal haldið áfram og blóðmjólka ána, allt til ósa hennar, í stað þess að hlúa að henni og nánasta umhverfi. Þessi virkjunaráform í neðri hluta Þjórsá, veldur óafturkræfum umhverfisspjöllum. Orkustefna ríkisstjórnarinnar og Landsvirkjunar er ekki til fyrirmyndar og mun að mínum dómi, verða til háðungar seinna meir, sem dæmi um skammsýni. Nær væri að huga að sjávarfallavirkjunum og öðrum orkunýtingarkostum sem ég hef minnst á. Þá væri betur hægt að hlífa ám okkar og fljótum.

Undirritaður mótmælir þessum áformum Landsvirkjunar og því sem stendur í “Tillögu til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landssvæða og krefst þess að hún verði færð úr biðflokk yfir í verndarflokk.

## Kaldakvísl – Suðurland

### Svæði sem fer í biðflokk

Skrokkölduvirkjun

Undirritaður vitnar í texta framkvæmdaáætlunar Landsvirkjunar. *Hágönguvirkjun. Tilhögun og umhverfi*. Skýrsla LV-2009/031, Mars 2009.

Þar segir:

Virkjuðu rennsli er veitt eftir um 9 km löngum jafnt hallandi göngum frá Hágöngulóni, sem er nú þegar fyrir hendi, að neðanjarðar stöðvarhúsi vestan í Skrokköldu. Göngin opnast inn í Hágöngulón í 790 m hæð y.s. milli Syðri- og Nyrðri-Hágöngu. Frá stöðvarhúsi munu liggja um 2,5 km löng, um 4 m víð frárennslisgöng

sem opnast í Svörtubotnum nyrðri í um 620 m hæð y.s. röskum 2 km austan Kvíslavatns. Frá frárennslisgöngunum rynni vatnið yfir í Þúfuverskvíslar og með þeim í Kvíslavatn.

Uppsett afl virkjunarinnar er ráðgert 30 MW miðað við 20 m<sup>3</sup>/s virkjað rennsli og 173 m raunfallhæð. Vatnsvegir og mannvirki er tengjast virkjuninni yrðu að mestu neðanjarðar. Rennsli úr Hágöngulóni annað en leki og flóðvatn á yfirfalli færi um virkjunina í Kvíslavatn og þaðan eftir Kvíslaveitu niður í Saudafellslón í stað þess að renna þangað úr Hágöngulóni eftir Köldukvíslarfarvegi eins og nú er. Engin háspennulína er á svæðinu svo að leggja þyrfti línu til tengingar við núverandi landskerfi væntanlega við Vatnsfellsvirkjun í um 60 km fjarlægð frá Skrokköldu. Línan lægi væntanlega stystu leið en þó þannig að hún yrði sem mest í hvarfi frá Sprengisandsleið. Helstu áhrif Skrokkölduvirkjunar að loknum framkvæmdum felast í um 2 km löngum frárennslisskurði og háspennulínu. Önnur sýnileg mannvirki á yfirborði verða gangamunnar, annars vegar vegna frárennslis og hins vegar aðkomu að stöð og vegur að þeim síðarnefnda, og ops sveifluþróar uppi í Skrokköldu. Á framkvæmdatíma yrði á hinn bóginn talsvert umleikis, enda gert ráð fyrir að göngin verði unnin með jarðgangaborvél.

Það er margt sem kemur upp í huga undirritaðs, er þessi texti er lesinn. Þessi möguleiki, að veita vatni úr Hágöngulóni til virkjunar í stöðvarhúsi vestan í Skrokköldu, hefur ekki verið mikið í umræðunni, fyrr en nú, er hugað er að áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, svokölluð Rammaáætlun. Ég hefði búið við að vatni úr Hágöngulóni yrði veitt í frárennslisgöngum í stöðvarhús neðar við farveg Köldukvíslar, þannig að áfram yrði sjáanlegur vatnsstraumur í hinum forna farvegi. Nógu illa er búið að fara með Köldukvísl, að þetta bætist ekki við. Stundum gerist það, að Landsvirkjun hleypi vatni niður í farveginn, þar sem eru Fögrufossar og er það falleg sjón.

Undirritaður bendir á, að þessar fyrirhuguðu virkjunarframkvæmdir eru á og nálægt mikilvægum ferðasvæðum ferðafólks, þar sem er Sprengisandur, Þjórsárver, Vonarskarð og allt of nálægt Eyrarrósargili sem er sunnan undir Skrokköldu. Ég geri mér grein fyrir því að þetta er á framkvæmdasvæði Hágöngulóns. Sjáanleg mannvirki virkjunarinnar verða of mikil og þrengja enn frekar að hinum lítt snortnu víðernum Sprengisands og ég sé ekki tilganginn með að hleypa öllu straumvatni Köldukvíslar niður í Kvísláveitur. Þar að auki þarf að leggja, samkvæmt áætlun, 60. Km. langa háspennulínu frá stöðvarhúsi að Vatnsfellsvirkjun. Það er skömm að því, að stefna að því, að þurrka upp allan farveg Köldukvíslar neðan Hágöngulóns. Ég mótmæli allri þessari hugmynd í tillögum til þingsályktunar og krefst þess að Skrokkölduvirkjun verði tekin úr biðflokki og sett í verndarflokk. Eftir það gæfist tími til að huga betur að framtíð þessa svæðis.

Gert 10. maí 2012

Gunnar Njálsson

Grundarfirði

